

Fundargerð

Fimmtudaginn 20. júlí 2017 kl. 15:00 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um atvinnu og menningarmál í A-Hún. Fundarstaður bæjarskrifstofur Blönduósbæjar. Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Guðmundur Haukur Jakobsson, Sigrún Hauksdóttir, Dagný Úlfarsdóttir og Arnar Þór Sævarsson. Arnar Þór ritaði fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1) Ársreikningur 2016
- 2) Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar NV
- 3) Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Ársreikningur 2016

Framkvæmdastjóri lagði fram ársreikning 2016 og kynnti helstu kennitölur í rekstri. Samkvæmt rekstrarreikningi voru tekjur 31,2 m.kr. Rekstrargjöld námu 28,1 m.kr. Rekstrarniðurstaða ársins 2016 er hagnaður kr. 3,1 m.kr. Handbært fé í árslok 2016 er 6,9 m.kr. Endurskoðendabréf KPMG lagt fram og kynnt. Ársreikningur fyrir árið 2016 samþykktur.

2. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar NV

Samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2015-2019 skipa landshlutasamtökin (SSNV) samráðsvettvang þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélagsins og annarra haghafa í landshlutanum.

Samráðsvettvangurinn skal hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar og hittast a.m.k. einu sinni á ári.

Á fundi stjórnar SSNV, 13. júní sl., var eftirfarandi samþykkt gerð:

Stjórn samþykkir að kalla saman nýjan samráðsvettvang með endurnýjað umboð. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að kalla saman samráðsvettvang til fundar í september.

SSNV óskar því eftir tilnefningum sveitarfélaganna á fulltrúum í samráðsvettvang NV. Tilnefningin gildir fyrir tímabilið ágúst 2017-desember 2019.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál fyrir hönd sveitarfélaga í A-Hún. tilnefnir eftirfarandi fulltrúa í samráðsvettvang NV.

Blönduós: Guðmundur Haukur Jakobsson – Katharina Angela Schneider –
Katrín Rúnarsdóttir – Jón Örn Stefánsson

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

Húnavatnshreppur: Þóra Sverrirsdóttir – Erla Gunnarsdóttir – Ingvar Björnsson

Skagaströnd: Halldór Ólafsson – Steindór Haraldsson – Eva Dögg Bergþórdóttir

3. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:50